

Notendaleiðbeiningar



SeaSorb Soft

SeaSorb



SeaSorb Soft umbúðir

Stærð	Magn	Vörunúmer
5 x 5 cm	30	3705
10 x 10 cm	10	3710
15 x 15 cm	10	3715

SeaSorb Filler

Stærð	Magn	Vörunúmer
40 cm	6	3740

Nánari upplýsingar veita hjúkrunarfræðingar



Lyngháls 13, 110 Reykjavík
Sími: 520-4316 / 4326
Netfang: coloplast@icepharma.is



www.coloplast.dk

WC0039

1. Ábendingar

- 1.1 Hefur mikla ísogsgetu og hentar því vel til notkunar á meðal til mikið vessandi sár t.d. fóta- og þrýstingssár.
- 1.2 Má nota á sýkt sár.
- 1.3 Má nota á sykursýkissár undir eftirliti lækni eða hjúkrunarfræðings.
- 1.4 Hentar vel á sár þar sem húð umhverfis sárið er aum og viðkvæm.
- 1.5 **SeaSorb** Soft Filler (holufylling) er notað í dýpri sár og holrými.

2. Notkunarleiðbeiningar: SeaSorb Soft umbúðir

- 2.1 Stærð umbúða valin við hæfi. Umbúðirnar eiga að vera a.m.k. 1 sm stærrri en sárið. Umbúðirnar má sníða til, svo þær passi.
- 2.2 Umbúðir festar með festiumbúðum.

3. Notkunarleiðbeiningar: SeaSorb Soft Filler

- 3.1.1 Stærð og dýpt sársins metin. **SeaSorb** Soft Filler er klippt til í hæfilega stærð.
- 3.2 Losið fillerinn aðeins í sundur áður en hann er settur í sárið.
- 3.3 Umbúðir festar með festiumbúðum. Val þeirra ræðst af því hve mikið vessar úr sárinu.
- 3.4 Ef húð er soðin er ráðlagt að setja **SeaSorb** Soft umbúðir yfir og festa síðan.

4. Festiumbúðir

- 4.1 Val á festiumbúðum ræðst af því hve mikið vessar úr sárinu.
- 4.2 Mikið vessandi – notið t.d. **Stabilon** filmu sem er mjög gegndræp, þannig að mikill hluti vessans getur gufað upp í gegnum filmuna. Einnig er hægt að nota umbúðir sem draga í sig mikinn vökva eins og **Alione** Hydrokapillær umbúðir, **Biatain** umbúðir eða umbúðapúða.
- 4.3 Meðal vessandi – notið t.d. **Stabilon** eða umbúðir sem draga í sig vökva eins og **Comfeel** Plus (hydrokolloid).

5. Tíðni skiptinga

- 5.1 Skipt er á umbúðum þegar þær eru mettar og gegnumrakar af vessa. Athugið að umbúðirnar draga vessann lóðrétt upp úr sárinu. Þess vegna er það eingöngu svæðið sem er yfir sárinu sem verður rakt og mettast.
- 5.2 Til að byrja með, meðan sárið vessar mikið getur verið nauðsynlegt að skipta daglega.
- 5.3 Þegar vessinn fer að minnka skal velja aðra gerð af umbúðum.
- 5.4 Má vera á sári í allt að 7 daga.
- 5.5 Þegar umbúðirnar eru notaðar á sýkt sár eða á sykursýkissár er ráðlagt að skipta daglega undir eftirliti lækni eða hjúkrunarfræðings.

6. Umbúðir fjarlægðar

- 6.1 **SeaSorb** Soft umbúðirnar eru fjarlægðar í einu lagi.
- 6.2 **SeaSorb** Soft Fillerinn má e.t.v. fjarlægja með töng.
- 6.3 Skolið sárið með volgu vatni eða saltvatni.
- 6.4 Húð umhverfis sárið þerruð. Berið e.t.v. zink áburð t.d. **Conveen** Critic Barrier krem á sárbarma ef þeir eru soðnir.
- 6.5 Nýjar umbúðir settar á með tilliti til þess magns sem vessar úr sárinu.

7. Athugasemdir

- 7.1 Ef umbúðirnar eru notaðar á minna vessandi sár, getur það gerst að þær sitji fastar við sárbarmana. Þá er rétt að bleyta þær upp með vatni eða saltvatni til þess að skemma ekki nýjan granulationsvef í sárinu. Eftir það, skal skipta yfir í aðra gerð umbúða t.d. **Comfeel** Plus (hydrokolloid).
- 7.2 **SeaSorb** Soft má nota með þrýstingsmeðferð og hentar mjög vel með **Stabilon** filmu.
- 7.3 Ber að fjarlægja áður en langtíma geislameðferð hefst.
- 7.4 Ef vessar mikið úr sárinu er hægt að leggja tvær **SeaSorb** Soft á, þannig að þær skarist, eða hvora ofan á aðra.

8. Geymsluskilyrði

- 7.1 Geymist við stofuhita.